

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Tillaga til þingsályktunar um fjölmiðlastefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla 2024-2030“

Nr. 70/2024 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

1. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Ólafur Valtýr Hauksson	Árvakur hf., Bláamannafélag Íslands, Íslenska sjónvarpsfélagið ehf., Motion Picture Association, Sameinaða útgáfufélagið ehf., Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Síminn hf., Skessuhorn ehf., Tunnan prentþjónusta ehf., Útgáfufélag Austurlands ehf., Viðskiptaráð Íslands, Víkurfréttir ehf. og ÖBÍ réttindasamtök.
Samtals	1	14

Menningar- og viðskiptaráðuneytið birti drög að þingsályktun um fjölmiðlastefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla 2024-2030 í samráðsgátt stjórnvalda 6. mars 2023, mál nr. 70/2024. Í aðgerðaáætluninni sem fylgir þingsályktunartillögunni voru 29 aðgerðir sem flestar eru á ábyrgð einstakra ráðuneyta, einkum menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Opið var fyrir umsagnir til 20. mars 2024 eða í tvær vikur. Fjórtán umsagnir bárust í gáttina fyrir þann tíma, frá fimmtán umsagnaraðilum, sem ýmist voru útgáfufélög fjölmiðla, stéttarfélag/fagfélag, hagsmunasamtök, félagasamtök eða einstaklingar.

Lista yfir þá sem fengu boð um að senda inn umsögn er að finna inn á málinu sem fylgiskjal. Önnur skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á island.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3709>

Umsagnaraðilar eru almennt sammála um að þær tillögur sem er að finna í drögum að fjölmiðlastefnu feli í sér ýmsa jákvæða þætti sem miði að því að bæta fjölmiðlun á Íslandi og séu að mörgu leyti til bóta, þótt nokkrir telji að ganga hefði mátt lengra varðandi einstakar aðgerðir eða taka fleiri leiðir til skoðunar. Þá telja flestir umsagnaraðilar rétt að gera auknar kröfur um fjárframlög alþjóðlegra streymisveitna og tæknirisa til íslensks samfélags.

Í umsögnum var m.a. kallað eftir hækkun fjárhæða til einstakra aðgerða, einkum fjárhæðar sem verja á til stuðnings við einkarekna fjölmiðla og fjárhæðar sem verja á til stuðnings við staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins. Þá var kallað eftir nánari upplýsingum um rannsóknar- og þróunarsjóð. Var því bætt við skýringum um að styrkja eigi bæði rannsóknarvinnu á fjölmiðlum sem og tæknilega nýbreytni og þróun nýrra viðskiptaaðgerða. Hefur sjóðurinn fengið heitið nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarsjóður en reglur um sjóðinn verða nánar útfærðar síðar.

Að umsagnarfresti liðnum var unnin ítarleg samantekt um sjónarmið þátttakenda, sem fylgir hér á eftir. Í kjölfarið var unnið áfram með málið og þingsályktunartillagan lögð fyrir ríkisstjórn föstudaginn 5.

apríl 2024. Þingsályktunartillagan fór að því búnu til frekari vinnslu í ráðuneytinu en var ekki lögð fram á þingi. Gert er ráð fyrir að hún verði lögð fram á Alþingi haustið 2024.

Hér á eftir er yfirlit yfir umsagnir sem bárust í samráðsgátt. Eingöngu er fjallað um þær aðgerðir sem umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við.

Umsagnir um aðgerðir á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytisins:

Aðgerð 1.a. *Stuðningur við rekstur einkarekinna fjölmiðla.*

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að stjórnvöld staðfesti með fjölmiðlastefnunni mikilvægi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og lýsi því um leið yfir að nauðsynlegt sé að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að tryggja að hér fái þrífist öflugir, sjálfstæðir fjölmiðlar. Fram kemur í umsögn félagsins að tvöfalda þurfi upphæð styrkja til einkarekinna miðla til þess að standast samanburð við hin Norðurlöndin og vegna fámennis á Íslandi. Telur félagið að styrkupphæð á ársgrundvelli ætti að vera 700 milljónir kr.

Árvakur hf. bendir á að árlega fjárhæð styrkveitinga, 367,2 millj. kr. á ári, sé 4% lægri en hún var fyrir þá hækkun sem varð á styrkfjárhæð árið 2023, þrátt fyrir launaþróun á þessum tveimur árum. Hér hafi stuðningshæfur kostnaður verið skilgreindur þröngt og greiðsluþak sett á rekstrarstyrki til einstakra fjölmiðla, sem hafi skekkt samkeppnisstöðu stærri fjölmiðla. Á Norðurlöndum sé ýmist ekkert greiðsluþak á stuðningi eða það skilgreint margfalt hærra en hér á landi. Þá njóti fjölmiðlar á Norðurlöndunum óbeins rekstrarstuðnings í formi skattaávilnana.

Í umsögn *Sameinaða útgáfufélagið ehf.* um þessa aðgerð segir að fjárhæð stuðnings þurfi að fylgja verðlagsþróun.

Í umsögnum *Skessuhorns ehf.*, *Víkurfrétta ehf.* og *Útgáfufélags Austurlands ehf.* er höfuðáhersla lögð á mikilvægi beins fjárhagsstuðning. Útgáfufélagin þrjú telja að tryggja þurfi að stuðningur renni ekki síst til minni miðla, til að uppfylla markmið um fjölmiðlun í öllum landshlutum. Þá þurfi að efla skilyrði fyrir styrkjum þannig að þeir renni sannarlega til miðla sem stuðli að lýðræðislegri umræðu.

Skessuhorn ehf. segir að stuðningur við einkarekna fjölmiðla, hafi töluverða þýðingu fyrir *Skessuhorn ehf.* *Skessuhorn ehf.* telji þó að ekki sé nógu langt gengið. Verið sé að draga úr beinum stuðningi við einkarekna fjölmiðla og muni þeim að óbreyttu fækka enn frekar. Auka þurfi beinan stuðning við útgáfur fjölmiðla með mun hærri upphæðum líkt og gert hafi verið í nágrenni Íslands á liðnum árum.

Skessuhorn ehf. og *Víkurfréttir ehf.* telja að setja ætti skilyrði um að fjölmiðlar hafi yfir að ráða að lágmarki tveggja til þriggja manna ritstjórn til að þeir geti hlotið rekstrarstuðning.

Útgáfufélag Austurlands ehf. segir að stuðningur við einkarekna fjölmiðla hafi skipt sköpum við að halda útgáfunni gangandi. Sumarið 2019 hafi staða félagsins verið orðin verulega þung og framtíðin óljós. Samhliða þessu hafi verið reynt að fara í aðrar aðgerðir til að efla framtíð félagsins. Í fyrra hafi félagið fengið upphæð sem „skipti félagið alvöru máli fram á við en ekki bara til að troða marvaðann“.

Síminn hf. telur ríkisstuðning við fréttastarfsemi ekki til þess fallinn að leysa vanda fjölmiðla. Ekki sé endilega ákjósanlegt að nær allir fjölmiðlar séu ríkisstyrktir, hvað þá að ríkið fjármagni fréttir einkarekinna miðla sérstaklega. Það ætti að vera skoðunarefni hvers vegna einkareknir fjölmiðlar geti ekki aflað sér nægilegra áskriftartekna eða auglýsingatekna til þess að standa undir rekstrinum. Þá beri miðlar sem keppa við fréttamiðla á ýmsum sviðum, en flytja sjálfir ekki fréttir, skarðan hlut frá borði. Síminn eigi nær eingöngu í samkeppni innanlands við ríkisstyrkta keppinauta, um auglýsingar, kaup á íþróttaréttum, kaup á myndefni og áhorf neytenda, en félagið fái sjálft enga slíka styrki.

Ólafur G. Hauksson segir óviðunandi fyrir fjölmiðla í lýðræðisríki að fulltrúar ríkisvaldsins segi til um hvort rekstrarstuðningur eigi við eða ekki og hafi vald til að krefjast greinargerðar, endurgreiðslu eða stöðva frekari stuðning. Fyrirsjáanlegt regluverk, eins og boðað sé, eigi að nægja til þess að tryggja rétta meðferð fjármuna. Ef grunur leiki á að fjölmiðill hafi farið algjörlega á svig við markmið stuðningsins sé betur við hæfi að aðili óháður ríkisvaldinu kanni það, til dæmis *Blaðamannafélag Íslands*.

Aðgerð 1.b. Stuðningur við staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins.

Skessuhorn ehf., *Útgáfufélag Austurlands ehf.* og *Víkurfréttir ehf.* fagna því að styðja eigi sérstaklega við starf héraðsfréttamiðla en telja fjárhæð fyrirhugaðra styrkveitinga of lága og vilja hækka upphæðina eða styrkja svæðismiðla betur á annan hátt.

Skessuhorn ehf. bendir á að fjárhæðin dreifist jafnt til útgefenda sem sinna fjölmiðlun að aðalstarfi og útgefenda sem sinni útgáfu í hjáverkum, meðfram öðrum launuðum störfum.

Útgáfufélag Austurlands ehf. vekur athygli á því að á landsbyggðinni séu „fréttaeyðimerkur“ eða „skuggar“ að verða til. Enginn ritstýrður fjölmiðill sinni t.d. Skaftafellssýslum, þar sem útgáfu Eystrahorns hafi verið hætt um síðustu áramót. Þar að auki hafi landsdekkandi miðlar skorið niður starfsemi á landsbyggðinni á undanförunum árum.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. segir í umsögn sinni að setja ætti skilyrði um formlegt óhæði staðbundinna fjölmiðla gagnvart ráðandi hagsmunaaðilum á sömu svæðum til að hindra umboðsvanda og hagsmunaaðrekstur.

Ólafur G. Hauksson segir að fjárhæð sem verja á í stuðning til staðbundinna miðla þyrfti að vera tíu til tuttugu sinnum hærra til að hann hefði raunveruleg áhrif fyrir lýðræðislega umræðu utan höfuðborgarsvæðisins. Bendir hann á að stór hluti af stuðningi norska ríkisvaldsins til fjölmiðla renni til prentunar og dreifingar fjölmiðla utan höfuðborgarinnar Oslóar.

Aðgerð 1.c. Rannsóknar- og þróunarsjóður.

Í umsögn *Árvakurs hf.* segir að með rannsóknar- og þróunarsjóði, hvort sem er í gegnum Rannís eða aðra, verði fjölmiðill háður mati opinbers aðila eða þess sem hinn opinberi aðili felur úthlutunina. Þetta feli í sér verulega hættu á að efnistöð fjölmiðilsins litist af huglægu mati styrkveitandans. Af sökum ætti alls ekki að fara þessa leið og annað hvort fella niður fjárveitingu sem ætluð er í sjóðinn eða bæta henni við annars konar og hlutlausari fjölmiðlastuðning.

Í umsögn *Sameinaða útgáfufélagsins ehf.* segir að skilgreina þurfi lykilhugtök og gera greinarmun á „rannsóknarvinnu“ annars vegar og „þróunarstarfi“ hins vegar. Túlka mætti rannsóknarvinnu sem hefðbundna fréttavinnslu ritstjórna en þróunarstarf sé annað og viðkomi tækni og hönnun. Fram kemur að nýsköpunar- og þróunarsjóður sem styrki nýbreytni og rannsóknarvinnu á fjölmiðlum sé væntanlega ætlaður sem stuðningur við tæknilega og hönnunarlega þróun, þekkt sem R&D, „research and development“. Aðskilja þurfi ritstjórnarvinnu og þróunarvinnu með skýrum hætti og tryggja að ekki séu greiddir styrkir vegna afurða sem eru fyrst og fremst ritstjórnarlegs eðlis og því mun matskenndari í styrkveitingaferli.

Skessuhorn ehf. leggur til að þessi aðgerð komi ekki til framkvæmda. Þessi í stað verði fjármunum sem nemi kostnaði við aðgerðina varið í stuðning við staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins.

Útgáfufélag Austurlands ehf. fagnar því að til verði sjóður til að stuðla að framþróun í greininni, svo sem til stærri rannsóknaverkefna. Telur félagið að skýra þurfi betur texta greinarinnar um að sjóðurinn styðji við tækniþróun í framleiðslu efnis eða miðlun þess. Til dæmis sé þörf á því, ekki síst til minni miðla, með vaxandi möguleikum í gervigreind.

Blaðamannafélag Íslands fagnar tillögum um rannsóknar- og þróunarsjóð fyrir fjölmiðla, sem félagið hafi lengi kallað eftir. Í tillögunni sé margt óljóst um áherslur og skilgreiningar skorti. Mikilvægt sé að fréttamiðlar geti fengið styrki úr sjóðnum til hvers kyns nýrra verkefna, óháð nýsköpunarvægi þeirra. Kjósi fréttamiðill að gera tilraunir með hlaðvarpsgerð eða endurnýjun á vef miðils ætti hann að geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Aðgerð 1.d. Stuðningur við talsetningu og textun myndefnis á íslensku, fyrir börn.

Síminn hf. bendir á að samkvæmt gildandi fjölmiðlalögum beri fjölmiðlaveitum með staðfestu á Íslandi að texta eða talsetja myndefni. Erlendir fjölmiðlar, sem starfa á íslenskum markaði en hafa ekki staðfestu á Íslandi, beri engar slíkar skyldur, t.d. Viaplay, Netflix, Disney og Google (Google TV og

Youtube). Talsetning og textun á íslensku sé afar kostnaðarsöm og nái til alls efnis sem íslenskar fjölmiðlaveitur sýni, þ.e. barnaefnis, afþreyingarefnis, beinna útsendinga og alls íþróttaefnis. Ríkisútvarpið fái fullan stuðning við að fjármagna textun og talsetningu. Telur Síminn hf. nauðsynlegt að endurskoða skyldur einkarekinna fjölmiðla um tal og textun á íslensku. Ef ríkið hyggist viðhalda skyldu íslenskra miðla til textunar og talsetningar liggi beinast við að allur kostnaður sem af kvöðunum hljótist verði endurgreiddur af íslenska ríkinu. Þannig megi skapa jafnræði í samkeppni íslenskra fjölmiðla við Ríkisútvarpið og erlenda fjölmiðla og auka líkur á að meira efni verði talsett og textað á íslensku.

Íslenska sjónvarpsfélagið ehf., sem rekur streymisveituna Skjá 1, segir kostnað við textun hlaupa á milljónum kr. árlega í samkeppni við erlenda aðila. Koma þurfi til móts við afþreyingarmiðla sem beri að texta og talsetja allt efni á íslensku með miklum tilkostnaði, í samkeppni við erlendar streymisveitur og afþreyingarmiðla sem ekki beri sömu skyldur.

Í umsögn *Öryrkjabandalags Íslands* kemur fram að skylda ætti fjölmiðla til að texta innlent og erlent myndefni, gera vefsíður og samfélagsmiðla aðgengilega fyrir blinda og sjónskerta og bjóða upp á táknmálstúlkun í ríkara mæli. Til að svo geti orðið þurfi fjölmiðlar að fá fjárhagslegan stuðning og leiðbeiningar. Stutt sé í að stafrænar máltæknilausnir sem styðjast við gervigreind nýtist við textun, vélþýðingar og hljóðlýsingu og það muni auðvelda fjölmiðlum að gera sitt efni aðgengilegt. Jafnframt sé brýnt að fjölmiðlum verði gert skylt að taka í notkun þessar eða aðrar lausnir og að þeir fái ráðgjöf og fjárhagsstuðning til að taka tæknina í notkun.

Blaðamannafélag Íslands styður áform um að tal og textun myndefnis fyrir börn hjá einkareknum fjölmiðlum verði styrkt, enda leiðrétti það samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum. Varðandi tillögu um að nýta eigi gervigreind til uppbyggingar á máltæknilausnum, þ.á.m. sjálfvirkri textun í rauntíma á íslensku, áréttar félagið að tryggja þurfi greiðslur til blaðamanna og fjölmiðla fyrir efni sem gervigreindarforrit nýti. Þá leggur félagið til að farið verði í skoðun á því hvort setja þurfi reglur um notkun gervigreindar í fjölmiðlum.

Aðgerð 1.f. Alþjóðlegar og innlendar fjölmiðlaveitur fjárfesti í innlendu efni eða greiði menningarframlag sem styðji við framleiðslu á innlendu efni á íslensku.

Samtök iðnaðarins (SI) og *Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK)* fagna því að lögfesta eigi kröfu um fjárfestingu alþjóðlegra og innlendra fjölmiðlaveita í innlendu efni á íslensku. Mikilvægt sé tryggja að framlög renni í Kvikmyndasjóð með það að markmiði að efla íslenska sjónvarps- og kvikmyndagerð og að Kvikmyndamiðstöð (KMÍ) hafi umsjón með greiðslum. Koma þurfi til móts við innlendar streymisveitur til að útfærslan verði ekki íþyngjandi fyrir innlenda aðila.

Einn erlendur umsagnaraðili, *Motion Pictures Association*, sem gætir m.a. hagsmuna Netflix Studios, og Walt Disney Studios Pictures, bendir á að gæta verði jafnræðis og meðalhófs við fyrirhugaða lagasetningu um menningarframlag streymisveitna. Gerðar eru athugasemdir við að menningarframlag streymisveitna eigi eingöngu að renna til framleiðslu á innlendu myndefni á íslensku, sbr. orðalag 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB, sem miði að því að auka framlög til framleiðslu á *evrópsku* efni.

Aðgerð 1.g. Innlendir fjölmiðlar fái aukinn hlut í þeim fjárhagslegu verðmætum sem skapast við stafræna dreifingu fréttæfnis á erlendum samfélagsmiðlum og leitarvélum.

Í umsögn *Árvakurs hf.* kemur fram að fyrir fréttamiðla, á borð við Morgunblaðið og mbl.is, sé þetta þýðingarmesta aðgerðin gagnvart alþjóðlegum tæknirisum. Skoða þurfi vel hvernig best sé að útfæra slíkar aðgerðir og horfa til þeirra landa sem virðist hafa náð hvað mestum árangri í þeim efnum. Lagabreytingar sem innleiði 15. og 17. gr. höfundaréttartilskipunar ESB kunni að vera liður í að íslenskir fjölmiðlar fái sanngjarnar greiðslur frá tæknirisum vegna fréttanotkunar en hafa beri í huga að þeir sem virðist hafa náð mestu árangri í þeim efnum séu utan ESB og byggi á öðrum forsendum, svo sem Ástralía og Nýja Sjáland.

Útgáfufélag Austurlands ehf. telur nauðsynlegt að farið verði í þessar aðgerðir af fullu afli. Hér sé hins vegar um langtímamarkmið að ræða sem leysi ekki vanda fjölmiðla á allra næstu árum. Það hafi sýnt sig að alþjóðasamsteypurnar séu „illskeyttar í samningum og líklegt að þær kvitti ekki upp á hjá litlu eyríki í fyrstu atrennu.“ Í umsögn sinni bendir *Útgáfufélag Austurlands* jafnframt á að tæknilausnir sem byggja á gervigreindartækni hagnýti vinnu annarra, þar á meðal fjölmiðla, án þess að greiðsla komi fyrir. Þarna geti íslenska ríkið einnig veitt stuðning, einkum við minni aðila, að tryggja hag þeirra.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. nefnir í umsögn sinni að setja ætti lög í takt við þau sem sett hafa verið í Ástralíu og Kanada varðandi það að láta slík fyrirtæki greiða fyrir ábata sinn af fréttæfni.

Ólafur G. Hauksson bendir á að erlendir samfélagsmiðlar, ekki síst Facebook, hafi dregið verulega úr dreifingu fréttæfnis. Spyrja megi hvort ástæða sé til að eyða kröftum ríkisins í þessa veru. Aftur á móti virðist þessi viðleitni eiga fullan rétt á sér gagnvart helstu leitarvélunum á netinu, enda nýti þær oft og tíðum fréttir fjölmiðla.

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að leita skuli leiða til að auka hlut innlendra fjölmiðla vegna verðmæta við dreifingu fréttæfnis á erlendum samfélagsmiðlum. Félagið telur að líta ætti til lagasetningar í öðrum ríkjum, svo sem Ástralíu, og leggur áherslu á að þessari aðgerð verði flýtt sem auðið er. Ennfremur er mikilvægt, að mati félagsins, að grípa til aðgerða til að sporna gegn tekjutapi fjölmiðla vegna höfundarréttabrota sem framin eru í atvinnuskyni.

1.h. Stjórnvöld móti tillögur að stafrænum þjónustuskatti á tekjur alþjóðlegra tæknirisa frá Íslandi.

Að mati *Árvakurs hf.* er jákvætt að fram komi skilningur á því í tillögudrögunum að fjölmiðlar eigi í erfiðri samkeppni um þessar mundir við alþjóðlega tæknirisa á borð við Alphabet, Meta og Netflix.

Ólafur G. Hauksson telur skynsamlegra að nýta vald ríkisins til að draga úr fjárstreymi frá Íslandi til risafyrirtækja, með því að heimila ekki greiðslur til tæknirisanna sem frádráttarbæran rekstrarkostnað. Þess í stað haldist útgjöldin á tekjuhlið fyrirtækja og myndi tekjuskattstofn. Að mati Ólafs er viðbúið að auglýsendum þætti dýrkeypt að fá ekki að nýta útgjöldin sem rekstrarkostnað og að töluvert myndi draga úr auglýsingum íslenskra fyrirtækja á Facebook, Instagram, Youtube, Tiktok, Google og Bing, svo dæmi séu tekin. Ætla mætti að auglýsingar færðust fyrir vikið í auknum mæli til íslenskra fjölmiðla. Kosturinn við þessa nálgun væri sá, að mati Ólafs, að ríkið þyrfti ekki að eiga undir dyntum erlendra risafyrirtækja. Til að beina auglýsingafjármagni í enn ríkari mæli til íslenskra fjölmiðla mætti hugsa sér að birtingakostnaðurinn fengist frádreginn á tvöföldu verðgildi sem rekstrarkostnaður.

Blaðamannafélag Íslands er hlynnt aðgerðinni og telur sterk rök mæla með því að auknar tekjur ríkissjóðs, vegna stafræns þjónustuskatts á tekjur erlendra tæknirisa, renni beint til innlendra fréttamiðla, til að leiðrétta samkeppniskekkju vegna yfirburðastöðu erlendra tæknirisa á markaði.

1.i. Gripið verði til aðgerða til að sporna gegn tekjutapi fjölmiðla vegna höfundaréttarbrotu sem framin eru í atvinnuskyni.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. bendir á að í fjölmiðlastefnu þurfi einnig að horfa til innlendra fjölmiðlaveitna sem byggja hluta rekstrarmódelis á að afrita efni annarra fjölmiðla og birta lítillaga breytt sem sitt. Í umsögn félagsins segir að dæmi séu um að fjölmiðlaveitur fjármagnaðar af hulduaðilum um fastlega milljarð króna starfi meðal annars við að birta fréttir upp úr áskriftarmiðlum og fái fyrir þá vinnu endurgreiðslur frá ríkinu á 25% kostnaðar við afritunina.

Aðgerð 1.j. Dregið verði úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Blaðamannafélag Íslands styður áform að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði, líkt og einkareknu miðlarnir hafi kallað eftir, en leggur jafnframt lagt áherslu á að tekjutap Ríkisútvarpsins verði bætt upp.

Tryggja verði að Ríkisútvarpið verði enn sem áður sú öfluga stofnun og mikilvægi fjölmiðill sem það er í dag.

Í umsögn *Árvakurs hf.* kemur fram að mikilvægt sé að framkvæmd þeirra áforma að draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði dragist ekki og að vinnuhópur sem skipaður hafi verið til að útfæra tillögur í þeim efnum skili þeim tillögum tímanlega. Árvakur hafi áður lýst þeirri skoðun að eðlilegt væri að Ríkisútvarpið færi af auglýsingamarkaði. Vonandi takist að draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingarmarkaði þó að reynsla og rök hnígi í aðra átt.

Jafnframt bendir Árvakur hf. á að óvíst sé hve stór hluti þeirra fjármuna sem RÚV taki til sín af auglýsingamarkaði árlega færi til innlendra miðla ef ríkið hyrfi af þeim markaði. Telur Árvakur hf. ólíklegt að þær upphæðir sem verja eigi í stuðning til einkarekinna fjölmiðla dugi til að vega á móti tekjutapi þeirra vegna starfsemi Ríkisútvarpsins. Mikilvægt sé að hafa þetta í huga þegar horft sé til samanburðar á stuðningi við einkarekna fjölmiðla hér á landi og erlendis.

Í umsögn *Skessuhorns ehf.* segir að þessi aðgerð skipti litlu eða engu fyrir smærri miðla á Íslandi. Fari RÚV af auglýsingamarkaði muni þær tekjur ekki nema að takmörkuðu leyti renna til annarra innlendra fjölmiðla. Hins vegar hafi Skessuhorn ehf. bent á að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu sé mismunun sem einkareknir fjölmiðlar eigi ekki að setta sig við. Almennur ætti að fá val, t.d. samhliða skilum á skattframtali, um að styrkja aðra, innlenda fjölmiðla.

Útgáfufélag Austurlands ehf. segir í umsögn sinni að þessi aðgerð skipti engu máli, og vísar til þess að tekjur fjölmiðla í eigu félagsins hafi ekkert aukist þegar svæðisstöðvum RÚV var lokað.

Síminn hf. segir að í þingsályktunartillögunni hafi verið ákveðið að fara afar milda leið frá tillögum starfshóps ráðherra um málefni RÚV. Þau skref séu betri en engin en hægt sé að verða íslenskum fjölmiðlum að langtum meira gagni en þingsályktunartillagan feli í sér. Telur Síminn að tillaga starfshópsins um að „sjálfvirknivæða“ sölu RÚV á auglýsingum kunni að vera til þess fallin að stuðla að sanngjarnara umhverfi. Þannig megi tryggja að Ríkisútvarpið nýti ekki kaup á vinsælum sýningarréttum til að „þurrka upp markaðinn eða setja skilyrði sem leiði til langvarandi neikvæðra áhrifa á starfsemi einkaaðila“. Verði engin takmörk verði sett fyrir kaupum á vinsælum sýningarréttum telur Síminn hf. ekki víst að sjálfvirknivæðing sölu nái þeim árangri sem stefnt sé að.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. leggur til að gætt verði að sjálfstæði RÚV og skilgreiningar færðar fram á hugtakinu „sjálfstæði fjölmiðla“ í fjölmiðlastefnu. Veiking Ríkisútvarpsins samhliða uppgangi hagsmunabundinnar fjölmiðlunar geti ýtt undir gildismat sem veikli óháða, einkarekna fjölmiðla, á ýmsan beinan og óbeinan hátt. Þetta megi sjá í fjölmörgum samfélögum þar sem valdasamþjöppun hafi átt sér stað. Sterkt Ríkisútvarp sé því ekki sjálfkrafa í andstöðu við markmið um óháða, einkarekna fjölmiðlun, svo lengi sem stjórnmalavald nái ekki yfir það og ritstjórnarlegt óháði þess sé tryggt.

Ólafur G. Hauksson leggur til að gjaldskrá auglýsingabirtinga hjá RÚV verði hækkuð til að draga úr umsvifum og áhrifum RÚV á auglýsingamarkaði. Telur hann að með því að hækka verðskrá auglýsinga RÚV séu líkur til að auglýsingafjármagn leiti í staðinn til annarra fjölmiðla og styrki stöðu þeirra. Jafnframt hætti verðlagning birtinga að miðast við niðurgreiðslur úr ríkisjóði og færist nær raunkostnaði við rekstur fyrirtækisins. Engin rök séu fyrir því að skattgreiðendur niðurgreiði auglýsingar á vöru og þjónustu. Eftir sem áður mun hluti auglýsenda telja það fjármunanna virði að nýta þennan öfluga vettvang. Sparnaði megi ná fram með breyttu eðli og umfangi auglýsingasölu.

Viðskiptaráð fagnar því að stefnt sé að því að efla starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fjölmiðla og að minnka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði. RÚV sé mjög fyrirferðarmikill miðill en ekki einungis á auglýsingamarkaði, heldur almennt og það að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði sé ekki töfalausn. Vandí einkarekinna fjölmiðla í samkeppni við ríkismiðilinn sé fjölþættur og mikilvægt að huga einnig að því hvort þær tekjur sem það hafi hingað til aflað sér með auglýsingasölu, til viðbótar við framlag skattgreiðenda, séu hið eina rétta viðmið um umfang þess, eða hvort Ríkisútvarpið sé

einfaldlega orðið of plássfrekt á markaðnum. Fjárframlög til RÚV séu verðbætt í takt við mannfjölda og fjölgun lögaðila, og það taki sífellt meira af því rými sem þó er enn til staðar fyrir einkarekna miðla.

Áhersla 3.a. Stjórnvöld fjármagni rekstur Ríkisútvarpsins með fyrirsjáanlegum hætti sem tryggi að Ríkisútvarpið geti uppfyllt almannahjónustuhlutverk sitt, eins og það er skilgreint í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Viðskiptaráð gerir þá athugasemd að aðgerðir í drögum að þingsályktunartillögunni séu misvel skilgreindar og orðalag sums staðar svo opið að engin leið verði að framfylgja eða meta árangur aðgerðarinnar. Sem dæmi um framangreint nefndir Viðskiptaráð 3.a, sem sé í raun markmið fremur en aðgerð og að ekki sé nánar kveðið á um aðgerðina í þingsályktunartillögunni.

Í umsögn *Símans hf.* kemur fram að í umfjöllun um Ríkisútvarpið þurfi að fjalla um skil á milli þess sem eðlilegt sé að Ríkisútvarpið sinni og hvaða þáttum Ríkisútvarpið ætti ekki að sinna. Hlutverk Ríkisútvarpsins eigi að mati Símans að vera miðla og greina frá fjölbreyttum atriðum á sviði menningar, íslenskrar tungu og frá samfélaginu almennt, enda megi halda fram að einkaaðilar á sínum markaðslegu forsendum hafi ekki í öllum tilfellum hvata til að sinna þessum málefnum nægilega vel. Eins megi rökstyðja að almannahagsmunir, stórviðburðir, menntun, kosningar, lýðræði, fréttir líðandi stundar og jafnvel íþrótt- og æskulýðsstarfséu efnisþættir sem þátttaka ríkisins geti betrubætt. Málefni sem hafi sérstaka þýðingu fyrir íbúa landsins, eins og þeir séu á hverjum tíma, sem einkaaðilar sinni ekki nægilega vel, hljóta að vera markmið ríkisafskipta.

Að mati Símans hf. gleymist oft í umræðunni um Ríkisútvarpið að þörf félagsins fyrir auglýsingatekjur stjórnast oft af kaupum á sýningarréttum sem einkaaðilar gætu sinnt með sama hætti og án kostnaðar fyrir íslenska ríkið. Telur Síminn að Ríkisútvarpið hefði ekki þurft að auka umsvif sín á auglýsingamarkaði árið 2024, samanborið við 2023, ef sýningarréttir að EM í knattspyrnu sumarið 2024 og að Ólympíuleikunum í París 2024 og HM í handbolta hefðu ekki verið keyptir. Þá hefðu einkaaðilar líklega vel getað sinnt þessum verkefnum og haft til þess ríkan hvata. Að mati Símans draga kaup Ríkisútvarpsins á sýningarréttum að vinsælum viðburðum úr eftirspurn eftir auglýsingum almennt hjá einkaaðilum. Síminn telur það jafnframt skjóta skökku við að RÚV virðist ekki hafa arðsemiskröfu á þá sýningarrétti sem keyptir séu.

Síminn hf. bendir auk þess á það í umsögn sinni að almennt hvíli sú skylda á fjölmiðlaveitum að bjóða upp á lágmarkshlutfall evrópsks myndefnis í efnisframboði sínu. Kaupi Ríkisútvarpið myndefni, sem aðilar séu í samkeppni um, geti það leitt til hærri kostnaðar eða þess að aðgengi að eftirsóknarverðu myndefni verði minna. Ef aðilar séu nauðbeygðir til að kaupa óáhugavert evrópskt myndefni leiði það til þess að reksturinn verður óskilvirkari. Telur Síminn að setja verði skýra stefnu um það hvaða myndefni Ríkisútvarpinu sé heimilt að fjárfesta í, einkum hvað varðar evrópskt og annað erlent myndefni, sem og fjárfestingu í sýningarréttum á sviði íþróttar.

Aðgerð 3.b. Ríkisútvarpið varðveiti og miðli eldra efni. Ríkisútvarpið geri hljóðritanir og myndefni úr safni Ríkisútvarpsins aðgengilegra en áður, að teknu tilliti til réttinda réttihafa á grundvelli höfundalaga. Unnið verði að því að nýta gervigreind í þeim tilgangi.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. telur að rýmka megi höfundarrétt á efni RÚV þegar kemur að nýtingu annarra fjölmiðlaveitna á efninu og auðvelda aðgengi þeirra að efninu, jafnvel umfram almennt aðgengi. Þannig gæti gagnast að fjölmiðlaveitur gætu leitað beint í safni RÚV og sótt efni til notkunar innan tiltekinna marka.

Aðgerð 3.d. Ríkisútvarpið leiti leiða til að efla samstarf við staðbundna fjölmiðla á landsbyggðinni og auka þjónustu á landsvæðum þar sem engin eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi.

Í umsögn *Útgáfufélags Austurlands ehf.* kemur fram að félagið telji hugmyndina áhugaverða og fela í sér tækifæri. Nefnt er að í Noregi hafi myndast samstarf þar sem samtök héraðsfréttamiðla (LLA) og

norska ríkisútvarpið (NRK) reki sameiginlega skrifstofu sem annist rannsóknir og gagnaöflun. Héraðsmiðlarnir nýti síðan þau gögn sem snúa að þeirra svæði á meðan NRK vinni úr gögnunum á landsvísu. Upplýst er að Útgáfufélag Austurlands sé aðili að umsókn til Creative Europe sem miði að því að koma upp slíkum skrifstofum víðar. Að mati félagsins kemur jafnframt til greina að fjármagn sem ætlað er RÚV verði fært til héraðsmiðla. Þannig geti þeir sinnt þjónustu á nálægum svæðum þar sem „fréttayeyðimerkur“ eru að verða til eða eftir starfsemi sína til að slíkar eyðimerkur myndist ekki.

Í umsögn *Víkurfrétta ehf.* kemur fram að útgáfufélagið hafi áhuga á að koma sjónvarpsþáttum Víkurfrétta í birtingu á RÚV eða RÚV2. Leitað hafi verið eftir samstarfi og lagt til að RÚV léti Víkurfréttum í té pláss í dagskrá, án sérstakra krafna um dag- eða tímasetningu, en hafi það ekki borið árangur. Að mati Víkurfrétta ehf. myndi það styrkja þáttagerð fjölmiðilsins að fá pláss í dagskrá RÚV. Víkurfréttir hafi síðastliðinn áratug framleitt sjónvarpsþætti og innslög og hafi 500 hálf tíma þættir verið birtir á íslenskum sjónvarpsstöðvunum ÍNN og Hringbraut, sem nú séu hættar rekstri. Víkurfréttir hafi einnig birt þættina á fréttavefnum VF.is.

Ólafur G. Hauksson bendir einnig á að í nokkurn tíma hafi Víkurfréttir á Reykjanesi sóst eftir samstarfi við RÚV á þeim nótum sem tiltekna séu í lið 3.d en ekki haft árangur sem erfiði. Allt mæli með samvinnu af því tagi, að aukarásir og vefsíður RÚV nýtist til að efla lýðræðislega umræðu á landsbyggðinni. Tregðu virðist gæta hjá RÚV um slíkar ráðstafanir og því sé mikilvægt að stjórnvöld taki af skarið um skyldur og hlutverk RÚV í þessum efnum.

Skessuhorn ehf. hafnar í umsögn sinni hugmynd um samstarf RÚV við einkarekna fjölmiðla á landsbyggðinni. Að mati Skessuhorns ehf. eigi einkareknir fjölmiðlar að gæta hlutleysis gagnvart öðrum fjölmiðlum, ekki síst þeim ríkisrekna. Fjölmiðlar eigi að leita leiða til sjálfstæðis og að skapa sér sérstöðu á markaði. Leggur Skessuhorn ehf. til að fremur ætti að færa það fjármagn, sem nú rennur til RÚV, til einkarekinna fjölmiðla.

Blaðamannafélag Íslands telur jákvætt að RÚV verði falið að leita leiða til að efla samstarf við staðbundna fjölmiðla á landsbyggðinni og auka þjónustu á svæðum þar sem engin eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi. Mikilvægt sé að félagið og landsbyggðarmiðlarnir hafi aðkomu að því að útfæra þessa aðgerð. Þá sé áriðandi að greina hin svokölluðu skuggasvæði.

Umsagnir um aðgerðir á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis

5.a Á fyrri hluta tímabilsins verði skipaður sérstakur starfshópur óháðra sérfræðinga með það að markmiði að styrkja fjölmiðlafrelsi hérlandis.

Blaðamannafélag Íslands fagnar aðgerðum sem ætlað er að styrkja fjölmiðlafrelsi hér á landi, sérstaklega og telur nauðsynlegt að skoðaðar verði lagabreytingar til að tryggja flýtimeðferð í málum þar sem blaða- og fréttamenn eru til rannsóknar og til að auka vernd blaðamönnum gegn tilhæfulausum málsóknum.

Umsagnir um aðgerðir á forræði fjármálaráðuneytis

Aðgerð 1.e. Einkareknum fjölmiðlum verði veitt tímabundin undanþága frá greiðslu 70% tryggingagjalds af launum fjölmiðlafólks, sem falla undir tvö lögri skattþrep tekjuskattstofns, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Í umsögn *Árvakurs hf.* koma fram efasemdir um að heildarstuðningur geti náð þeirri fjárhæð sem tilgreind er sem kostnaður við aðgerðina, vegna þröngrar skilgreiningar á þeim störfum sem gætu fallið undir undanþáguna. Við útreikning á stuðningi sé vafasamt að undanskilja þá sem starfa við prentun og dreifingu blaða eða ljósvakamiðla. Bent er á að dreifing dagblaða njóti verulegs stuðnings í dreifðari byggðum Danmerkur. Þá er því velt upp hvers vegna miðað sé við 70% tryggingagjalds en ekki allt tryggingagjaldið.

Í umsögnum *Skessuhorns ehf.* og *Útgáfufélags Austurlands* segir að á sama tíma og öllum tillögum sem styðja við framþróun fjölmiðla sé fagnað þá telji félögin að þessi aðgerð yrði flókin, óljós og skili að lokum ekki þeim árangri sem til sé ætlast. Skilvirkara væri að bæta þeirri upphæð sem áætlað er að aðgerðin kosti við beina rekstrarstyrki til einkarekinna fjölmiðla, enda taki þeir þegar mið af launa- og verktakagreiðslum félaga. Þá segir í umsögnum beggja félaga að skilyrðing endurgreiðslna við tryggingagjald fremur en launa- og verktakakostnað komi minni miðlum illa. Þeir séu líklegri til að notast við verktaka, svo sem í graffiska vinnslu, prófarkalestur og slíkt.

Í umsögn *Sameinaða útgáfufélagsins ehf.* er lagt til að sett verði þak á ívilnun vegna tryggingagjalds til að stuðla að fjölbreytni, auk þess sem lagt er til að ívilnanir vegna tryggingagjalds taki ekki til launa auglýsingasölufólks. Fram kemur að ríkisstuðningur til auglýsingasölufólks verði líklega akkilesarhæll stuðningskerfis fjölmiðla í opinberri rökræðu og flæki eftirlit. Engin ástæða er til þess að veita ívilnanir vegna auglýsingasölu sem ekki séu til staðar vegna áskriftasölu. Einfaldara úrræði sé að miða styrkhæfni við sömu starfsstéttir eða hlutverk og gert sé í ákvæðum laga um rekstrarstuðning við einkarekna miðla. Þá sé brýnt að stuðningur stjórnvalda einskorðist við „fréttir, samfélagsumræðu og menningu“ og að efni sem fjármagnað er af hagsmunaaðilum sé undanskilið í skilgreiningum þessara hugtaka.

Blaðamannafélag Íslands kallar eftir rökstuðningi eða útskýringum á því hvers vegna einungis 70% af tryggingagjaldinu skuli fellt niður, en ekki 100%.

Tunnan prentþjónusta ehf. telur afnám tryggingagjalds ekki hafa teljandi áhrif á rekstur fjölmiðla en fellir í sér tekjuskerðingu fyrir ríkið. Vísað er til þess að algengt sé að verktakar starfi hjá fjölmiðlum.

Umsagnir um aðgerðir á forræði annarra en ráðuneyta.

Aðgerð 2.a. Komið verði á fót nýju BA-námi í hagnýtri blaða- og fréttamennsku við Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands.

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að stjórnvöld ætli að styrkja nám í blaðamennsku hér á landi. Fram kemur í umsögn félagsins að það hafi beitt sér fyrir því á undanförunum árum að hér verði tekið upp BA-nám í blaðamennsku, líkt og finna megi í öllum þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Mikilvægt sé að námsleiðin fái öflugan stuðning, svo að hún fari vel af stað, því fagmenntun blaðamanna sé mun minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Þá kemur fram í umsögn *Blaðamannafélags Íslands* að aukin menntun í faginu eflir stéttina og fagmennsku.

Útgáfufélag Austurlands ehf. fagnar öllum aðgerðum sem miðla að því að auka hæfni blaðamanna. Félagið veltir því þó upp hvers vegna styðja þurfti sérstaklega slíkt nám í Háskóla Íslands þegar Háskólinn á Akureyri hafi árum saman haldið úti námi í fjölmiðlafræði, sem sé á margan hátt sambærilegt og hafi skilað ágætu fagfólki út í greinina. Félagið bendir á að þverfaglegt nám hafi gefist vel, blaðamenn þurfi þekkingu á ólíkum efnum, hvort sem er náttúruvísindum til að segja frá loftslagsbreytingum eða viðskiptafræði til að skilja efnahagslífið. *Útgáfufélag Austurlands* vilji einnig velja upp möguleikum starfsnáms í námsbrautinni, til að nemendur kynnist ólíkum fjölmiðlum og lífinu um allt land. Á minni fjölmiðlum þurfi fréttafólk að ganga í öll störf, taka og vinna myndir eða fjalla um hvort heldur sem er sjávarútveg eða skólamála sem veiti góðan grunn.

Aðgerð 4.a. Upplýst verði með gagnsæjum hætti hvernig fjármagni til auglýsingakaupa af hálfu hins opinbera er varið, og aðgerð 4.b. Fjársýsla ríkisins taki árlega saman skýrslu um auglýsingakaup stofnana ríkisins sem innihaldi samantekt yfir stærstu auglýsingakaupendur og stærstu birgja á íslenskum auglýsingamarkaði.

Blaðamannafélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þessa aðgerð. Í fyrsta lagi telur félagið að fullt gagnsæi eigi að ríkjum um öll auglýsingakaup hins opinbera, ekki bara kaup yfir 10 milljónum kr. Í öðru lagi lýsir félagið því sjónarmiði að stjórnvöld ættu að setja skilyrðislausar takmarkanir á auglýsingar frá hinu opinbera í erlendum miðlum.

Að mati *Árvakurs hf.* er óvíst hverju aukið gagnsæi um auglýsingakaup hins opinbera muni skila, auk þess sem ekki sé æskilegt að skylda til upplýsingagjafar taki eingöngu til aðila sem kaupa auglýsingar fyrir 10 milljónir kr. eða meira á ársgrundvelli. Til greina komi að ráðuneytum, ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum verði óheimilt að auglýsa í erlendum miðlum.

Skessuhorn ehf., *Víkurfrettir ehf.* og *Útgáfufélag Austurlands* eru á einu máli um að gagnsæi og greiningar séu af hinu góða. Hins vegar skipti mestu máli að ríkið og stofnanir þess móti sér stefnu um að beina auglýsingakaupum sínum í ritstýrða fjölmiðla á öllu landinu. Telja *Víkurfrettir ehf.* m.a. að augljós mismunun eigi sér nú stað á kostnað smærri miðla, ekki síst á landsbyggðinni.

Þá bendir *Sameinaða útgáfufélagið ehf.* á að markmið um aukið gagnsæi í auglýsingakaupum feli í sér kröfu til opinberra aðila um að nýta innlenda fréttamiðla, gæta jafnræðis og hindra geðþótta eða hagsmunaaðrekstra. Auglýsingakaup hins opinbera geti haft veruleg áhrif á afkomu fjölmiðla, en um leið sé hætt á hagsmunaaðrekstri sem hafi áhrif á sjálfstæði fjölmiðla. Í drögum að fjölmiðlastefnu sé sneitt hjá tvenns konar tækifærum til þess að ýta undir sjálfbærni samfélagsins samhliða því að styðja við innlenda fjölmiðla:

- Í fyrsta lagi ætti að formgera áherslu á að auglýsingakaup hins opinbera beinist til innlendra fréttamiðla umfram erlenda samfélagsmiðla, umhverfisauglýsingar og þess háttar, sem skili engu til sjálfbærni samfélags og getur haft í för með sér sóun.
- Í öðru lagi ætti markmið um aukið gagnsæi í auglýsingakaupum hins opinbera að fela í sér leið að undirliggjandi markmiði gagnsæis, sem sé jafnræði milli miðla, upp að því marki sem faglegar forsendur séu til. Til dæmis að auglýsingakaup í prentmiðlum séu gerð í því skyni að hámarka dekkun hjá viðeigandi markhópum, fremur en að valinn sé sami miðillinn til birtinga í aukinni tíðni.
- Þá eigi sömu sjónarmið við um áskriftakaup hins opinbera. Engin efnisleg rök séu fyrir því að ráðuneyti eða opinber stofnun kaupi, t.a.m., mun fleiri áskriftir að *Morgunblaðinu* en að *Heimildinni*.

Segir útgáfufélagið að formgerð krafa um jafnræði í auglýsinga- og áskriftakaupum vinni gegn því að pólitískar áherslur eða samlegð stjórnvalda og fjölmiðils hafi skekkjandi áhrif á fjölmiðlamarkað í gegnum auglýsingakaup hins opinbera.

7.e. Lögð verði sérstök áhersla á framboð vandaðs hljóð- og myndefnis á íslensku fyrir börn, þvert á miðla.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. vísar í markmið stjórnvalda um að lögð verði „sérstök áhersla á framboð vandaðs hljóð- og myndefnis á íslensku fyrir börn, þvert á miðla.“ Telur félagið ekki ástæðu til að undanskilja prentmiðla í miðlauppeldi barna. Bæði hafi prentformið ekki þann eiginleika að örva heila með sama hætti og skjánotkun og svo sé til mikils unnið að venja börn við möguleikann á prentlestri. Ólíkt ýmsu hljóð- og hreyfimyndefni, sérstaklega á samfélagsmiðlum, séu auglýsingar ekki birtar í prentefni fyrir börn og tekjugrunnur því rýrari. Telur útgáfufélagið að stuðningur við prentefni fyrir börn ætti því á engan hátt að vera undanskilinn aðgerðum stjórnvalda.

Aðrar athugasemdir:

Árvakur hf. gerir athugasemdir við starfsemi Fjölmiðlanefndar sem ekki hafi skilað neinu í að efla og bæta starfsemi fjölmiðla, nema síður sé. Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögudrögum sé gert ráð fyrir að aukinn umsýslukostnaður ríkisins nemi 1,5-2,5 stöðugildum sem þýði að eftirlit og umsýsla vegna fjölmiðla fari vaxandi hjá ríkinu.

Blaðamannafélag Íslands telur að skoða þurfi hvort framfylgd upplýsingalaga sé sem skyldi, þannig að lögin uppfylli markmið sitt um að styrkja aðhald fjölmiðla gagnvart stjórnvöldum.

Í umsögn *Sameinaða útgáfufélagsins ehf.* segir að Landsprent ehf., í eigu útgáfufélags Morgunblaðsins, hafi einokunarstöðu á markaði fyrir prentun á prentmiðlum hérlandis, sbr. tilkynningu Samkeppniseftirlitsins 22. desember sl. Þar sem fjallað er um kaup Landsprents ehf. á prentvél úr Þrotabúi Torgs ehf. Telji Sameinaða útgáfufélagið útreikninga benda til að fríblað Morgunblaðsins á fimmtudögum sé gefið út í neikvæðri framlegð og í samkeppni við aðra prentmiðla, sem séu viðskiptavinir Landsprents. Verði þeir fyrir samkeppnishindrun af þeirri ástæðu, sem valdi sjálfstæðri fjölmiðlun beinu tjóni.

Sameinaða útgáfufélagið ehf. nefnir einnig að einkarekin fjölmiðlun sé ekki sjálfkrafa sjálfstæð fjölmiðlun í þeim skilningi að vera óháð hagsmunaaðilum og -öflum. Gera verði greinarmun þar á. Gagnrýnir félagið að ekki eigi að setja skorður við niðurgreiðslum hagsmunaaðila á fjölmiðlafyrirtækjum eða setja það skilyrði við styrkveitingum ríkisins til einkarekinna miðla að þeir séu ekki í niðurgreiddum samkeppnisrekstri við óháða fjölmiðla. Í fjölmiðlastefnudrögum sé eingöngu horft á áhrif Ríkisútvarpsins til markaðsþjónunar.

Tunnan prentþjónusta ehf. leggur til að komið verði á fót vefsíðu með hlekkjum á alla íslenska fjölmiðla, þar sem boðið verði upp á að kaupa áskriftir að fjölmiðlum. Einnig leggur félagið til að innheimt verði gjald sem kalla mætti birtingagjald af auglýsingum á samfélagsmiðlum og heimatilbúnum auglýsingum sem hengdar séu upp á almannafæri. Loks leggur *Tunnan prentþjónusta ehf.* til að Ríkisútvarpinu verði skipti upp í nokkrar einingar, sem verði seldar, gegn skilyrðum um að enginn einn aðili megi eiga eða ráða yfir 20% eignarhlut. Takist ekki að selja einingarnar er lagt til að þær verði lagðar niður. Að öðru leyti vísar félagið í umsagnir frá Ólafi G. Haukssyni og Magnúsi Magnússyni, ritstjóra Skessuhorns, og lýsir sig sammála þeim í meginatriðum.

Viðskiptaráð gerir athugasemd við þá nálgun ráðuneytisins að flækja starfsumhverfið, auka eftirlit og gera stjórnvöld fyrirferðameiri í því að stýra og útdeila fjármagni. Gerðar eru athugasemdir við að koma eigi á fót nýjum sjóði en fjöldi sjóða á vegum hins opinbera sé of mikill og kostnaður við þá umtalsvert hlutfall af fjármunum til úthlutunar. Viðskiptaráð telur það ekki ákjósanlega framtíðarsýn, að fjölmiðlar verði háðir ríkisvaldinu í rekstrarlegu tilliti. Þá er það mat Viðskiptaráðs að þingsályktunartillagan sé ekki talin tæk til framlagningar á þessu stigi, þar sem aðgerðaáætlun sé ekki fullunnin og kostnaðarmati verulega ábótavant vegna fjölmargra aðgerða eða það jafnvel ekki til staðar.